

FIMMAN – LESFIMIÞJÁLFUN

Aldurshópur

Mið- og unglingastig

Um aðferðina

Fimman er þjálfunaraðferð sem byggir á endurteknum lestri á sama texta og er góð leið til að þjálfra lesfími. Endurtekningin hjálpar nemandanum að festa orðmyndir í langtímaminni og þoka lestri hans í þá átt að verða öruggur og sjálfvirkur. Þegar nemandinn getur lesið orð án umhugsunar skapast svigrúm fyrir hann að huga að innihaldi textans.

Aðferðin getur verið gott uppbrot í heimalestrarþjálfun þeirra nemenda sem á henni þurfa að halda en það er mikilvægt að unnið sé samkvæmt henni með lestrarþjálfara svo nemandinn fái endurgjöf á lesturinn. Lestrarþjálfarinn getur þá tryggt nákvæmni við lestur og svo er hann einnig til staðar ef nemandinn rekst á orð sem hann þarf að fá skýringu á.

Eftirfylgni kennara í átaki sem þessu er lykilatriði og eru kennarar hvattir til að fylgjast vel með skráningu á meðan á átaki stendur ásamt því að veita nemanda hvatningu og endurgjöf eftir þörfum.

Gögn

Bæklingurinn *Fimman – lesfimiþjálfun*.

Við útprentun á bæklingnum þarf að hafa eftirfarandi í huga:

1. Veljið að prenta síður 2–3.
2. Veljið prentun beggja megin á síðu.
3. Í einhverjum tilvikum þarf að velja langsnið.
4. Veljið speglun á skammhlið (flip on short edge/short edge bind).
5. Veljið lit ef vill.

Framkvæmd


Fimman – lesfimiþjálfun hentar nemendum sem hafa náð góðum tókum á umskráningunni en þurfa að ná meira öryggi og sjálfvirkni við lestur. Þetta geta verið nemendur sem hafa ekki sinnt lesfimiþjálfun nægilega markvisst eða þeir sem þurfa aukþjálfun til að ná persónulegu markmiði eða viðmiði. Hefja þarf átakið með því að meta stöðu nemandans í lesfími og endurmeta að þjálfun lokinni til að sjá hvort hún hefur borið árangur.

Eins og fram kemur í bæklingnum á að þjálfra samkvæmt aðferðinni í fimm mínútur og lesa síðan í hljóði í tíu mínútur en kennarar þurfa að meta hversu langt þjálfunartímabilið á að vera til að tryggja að nemandinn verði ekki leiður því þá minnkar áhugahvötin og aðferðin hættir að gera gagn. Lagt er til að þjálfunartímabilið vari ekki lengur en fjórar vikur.

Ný orð og orðtök

Allur lestur hefur ákveðinn tilgang. Við lesum til að tileinka okkur þekkingu, til að leita upplýsinga og okkur til skemmtunar. Ef við rekumst á mörg orð í texta sem við skiljum ekki hefur það áhrif á lesskilning okkar. Þess vegna verðum við að gefa okkur tíma til að velta nýjum orðum fyrir okkur með því að giska út frá samhengi hvað orðið þýðir, með því að spyrja einhvern eða fletta því upp í orðabók. Gefðu nýjum orðum gaum – ekki halda lestri áfram nema þú skiljir þau.

GÓÐ LESTRARFÆRNI
ER LYKILL AÐ GÓÐUM
NÁMSÁRANGRI



FIMMAN LESFIMIRJÁLFUN



Æfingin skapar
meistarann!

Hvernig virkar Fimman?

Fimman er aðferð sem eykur lesfimi en góð lesfimi felur í sér sjálfvirkni, nákvæmni og gott lestrarlag. Endurtekinn lestur, eins og Fimman, hjálpar okkur að festa orðmyndir í langtímaminni svo við lærum að þekkja þær án þess að hugsa okkur um. Það er mjög mikilvægt að geta þekkt orðmyndir án umhugsunar því þá getum við einbeitt okkur að því að skilja textann.



Lykilatriði

- Lesið upphátt með skýrum framburði.
- Lesið öll orð hárrétt.
- Það er mikilvægt að skilja öll orð – spurðu einhvern.

Lestrarþjálfun í átaki

- Fimman í 5 mínútur.
- Hljóðlestur í 10 mínútur.



Dagsetning

[illegible]

Kvittun

[illegible]

Fimman – ađferð

1. Byrjað er efst á síðu og lesið í eina mínútu upphátt. Bókstafurinn A er skrifaður við síðustu heilu línuna sem þú lýkur við að lesa.
2. Byrjað er efst á sömu síðu og lesið í eina mínútu upphátt. Bókstafurinn B er skrifaður við síðustu heilu línuna sem þú lýkur við að lesa.
3. Byrjað er efst á sömu síðu og lesið upphátt í eina mínútu og bókstafurinn C skrifaður við síðustu heilu línuna sem þú lýkur við að lesa.
4. Sama og áður en merkið með D.
5. Sama og áður en merkið með E.

